

Sendandi: Alda Sigmundsdóttir, rithöfundur, blaðamaður og dýraverndunarsinni

Til nefndasviðs Alþingis

Dags. 16. janúar 2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra

(bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing 2021–2022. Frumvarpið er endurflutt, sjá [543. mál á 151. þingi - velferð dýra](#).

Ég styð fyllilega frumvarp um bann við blóðmerahaldi á Íslandi og mæli eindregið með samþykki þess.

Ég, undirrituð, lýsi yfir þungum áhyggjum af því dýraníði sem fjallað hefur verið um í fréttum um blóðmerahald á Íslandi, og sem nú er til rannsóknar hjá lögreglu.

Dýralæknarnir Barla Barandun og Prof. Dr. med.vet. Ewald Isenbügel hafa skrifað álitserð þar sem fram kemur að bæði magn blóðs tekið úr íslenskum blóðmerum, svo og blóðmagnið sem tekið er í hvert skipti, stangast á við alþjóðleg viðmið um velferð dýra. Þau benda á að innan Evrópusambandsins og Sviss er blóðtaka úr fyrirfullum hryssum, sem og hryssum með folöld á spena, bönnuð með öllu nema í örlitlu magni til rannsókna og læknismeðferðar.

Í álitserð þeirra segir m.a.: „Í Sviss gilda ákveðnar reglur um dýravernd og við meðferð tilraunadýra og segja þær til um magn og tíðni blóðtöku. Yfirleitt er mælt með 10% af heildar blóðmagni dýrs með tveggja vikna millibili eða 7,5% með einnar viku millibili. [...] Ef við tökum sem dæmi mjög myndarlega [íslenska] hryssu í góðu standi (ekki feita) sem vegur 400 kíló og er með óvenju hátt blóðhlutfall, 8%, þá væri blóðmagn hennar í mesta lagi 32 lítrar. Um er að ræða algera undantekningu og hámarksgildi en þetta dæmi kemst þó ekki nálægt því meðaltali sem gengið er út frá við blóðmerahald á Íslandi, sem eru 35 – 37 lítrar! Ef teknir eru 5 lítrar blóðs úr þessari hryssu þá er það meira en 15% af blóðmagni hennar og rúmlega tvöfalt magn miðað við viðurkennda, alþjóðlega staðla um hámark þess blóðmagns sem má taka, ekki vikulega, eins og gert er á Íslandi, heldur með eins til tveggja mánaða hléum milli skipta! [...] Hross þola blóðmissi allt að 15%, í undantekningartilfellum jafnvel 20 – 30%, án þess að þurfa á blóðgjöf að halda en þau þurfa að minnsta kosti 1 mánuð til að jafna sig.”

<https://www.frettabladid.is/skodun/alitsgerd-um-heildarblodmagn-islenska-hestsins-magn-og-tidni-blodtoku-og-moguleg-ahrif-hennar-a-fylfullar-hryssur-ut-fra-sjonarmidum-dyralaekna>

Ísteka fullyrðir að „áratuga reynsla og margítrekaðar rannsóknir á hryssunum hafa sýnt fram á að blóðgjafirnar hafa engin neikvæð áhrif á heilsu þeirra,“ og hafa vitnað í rannsóknir um blóðmerabúskap. Ísteka neitar hins vegar að leggja fram þau gögn sem styðja þessar fullyrðingar, og má hver draga sínar ályktanir af ástæðum þess.

MAST hefur að eigin sögn verið eftirlitsaðili á hryssum og folöldum í blóðmerabúskap á vegum Ísteka. Stofnunin viðurkennir að eftirlit þetta hafi verið ábótavant. „*Eins og kemur*

fram í mynd alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna AWF/TSB þá hefur það eftirlit sem komið hefur verið á fót ekki dugað til.“

https://www.mast.is/static/files/fundargerdir/fundarger_d_fagra_d_velferd_dyra_211124.pdf

MAST hefur ekki viljað birta gögn til stuðnings þeirrar fullyrðingar Ísteka að blóðtökur sem framkvæmdar eru á Íslandi skaði ekki heilsu hryssanna. Ég geri athugasemdir við það að einungis dýralæknum frá MAST hafi verið falið að taka sæti í þriggja manna starfshópi sem landbúnaðarráðherra hefur skipað til að skoða blóðtöku úr íslenskum blóðmerum. Ég styð það fyllilega að slíkur starfshópur hafi verið skipaður, en geri alvarlegar athugasemdir við það að stofnun eins og MAST, sem augljóslega hefur ekki staðið sig í því eftirliti sem henni var falið, sé í raun falið að rannsaka sjálfa sig. Ganga má út frá því að slík rannsókn geti með engum hætti skilað óháðri gagnrýni og niðurstöðu.

Efnið PMSG (eCG) sem framleitt er úr blóði fyllfullra mera er notað í verksmiðjubúskapi erlendis einkum í svínarækt. Evrópuþingið hefur nú þegar lýst yfir andstöðu við viðskipti með PMSG (eCG) með miklum meirihluta atkvæða og málið hefur verið fært til umfjöllunar hjá Evrópuráðinu. Kemísk gerviefni sem hafa sömu áhrif og PMSG (eCG) eru nú þegar fánleg og í stöðugri þróun.

Ísland er eina landið innan Evrópu sem stundar þann iðnað að taka blóð úr fyllfullum hryssum, og virðist það gert andstætt vilja meirihluta þjóðarinnar eins og könnun Fréttablaðisins sýnir (66% andvíg þessum búskap). <https://www.frettabladid.is/frettir/mikill-meirihluti-thjodarinnar-andvigur-blodmerahaldi/>

Ég, undirrituð, hef um árabil fjallað um málefni Íslands á erlendri grundu, sem blaðamaður, fréttaritari, og höfundur fjölmargra bóka um Ísland og íslensk málefni. Jafnframt er ég á mínum samfélagsmiðlum í stöðugu samtali við erlenda einstaklinga og aðila sem láta sig málefni Íslands varða og þykir vænt um land og þjóð. Fá mál hafa vakið jafn mikla reiði og andstyggð á meðal þessa hóps eins og fréttir og frásagnir af blóðmeraiðnaði Íslendinga. Ljóst er að ímynd Íslands sem siðmenntuð þjóð sem lætur sig velferð dýra varða hefur beðið mikla hnekki, og mun áframhaldandi ástundun þessa iðnaðar—sem flestar aðrar siðmenntaðar þjóðir hafa alfarið bannað—vafalaust vera áfram smánarblettur á ímynd Íslands og okkar sem hér búum.

<https://www.facebook.com/AldaSigmundsdottir/posts/577075870217971>

Virðingafyllst,

Alda Sigmundsdóttir
Rithöfundur, blaðamaður, og dýraverndunarsinni